

SAMNINGUR UM SAMSTARF OG REKSTUR FAB LAB SMIÐJU VESTURLANDS Í BREIÐ NÝSKÖPUNARSETRI Á AKRANESI

1. Aðilar samnings þessa:

- a. Akraneskaupstaður kt. 410169-4449, Stillholti 16-18, 300 Akranesi
- b. ArtTré ehf., kt. 420714-0250, Sunnubraut 22, 300 Akranesi
- c. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík
- d. Breið þróunarfélag ehf. kt. 500820-0710, Bárugötu 8-10, 300 Akranesi
- e. Brekkubærjarskóli 120, Vesturgötu, 300 Akranesi
- f. Brim hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, 101 Reykjavík.
- g. ELKEM Ísland ehf., kt. 640675-0209, Grundartanga, 301 Akranesi
- h. Félag eldri borgara Akranesi, kt. 710890-2189, Kirkjubraut 40, Akranesi
- i. Fjölbautaskóli Vesturlands Akranesi, kt. 681178-0239, Vogabraut 5, 300 Akranesi
- j. Fjöliðjan, kt. 440984-0539, Dalbraut 10, 300 Akranesi
- k. Grundaskóli, Espigrund 1, 300 Akranesi
- l. Icewind ehf., kt. 450912-1310, Rafstöðvarvegi 4, 110 Reykjavík
- m. Landssamtök Karla í skúrum, Strandgötu 24, 200 Hafnarfirði
- n. Leikskólinn Akrasel, Ketilsflót 2, 300 Akranesi
- o. Leikskólinn Garðasel, Lerkigrund 9, 300 Akranesi
- p. Leikskólinn Teigasel, Laugarbraut 20, 300 Akranesi
- q. Leikskólinn Vallarsel, Skarðsbraut 6, 300 Akranesi
- r. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sölvhólgsgötu 4, 101 Reykjavík
- s. Muninn Film, kt. 571012-0490, Bárugötu 8-10, Akranesi
- t. Norðurál ehf., kt. 470404-2130, Grundartanga, 301 Grundartanga.
- u. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), kt. 610673-0239, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi
- v. Skaginn 3X, kt. 600799-2079, Bakkatúni 26, 300 Akranesi.
- w. Símenntunarmiðstöð Vesturlands, kt. 540199-3539, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi
- x. Starfsendurhæfing Vesturlands, kt. 430215-1160, Suðurgötu 57, 300 Akranesi

2. Fab Lab

Fab Lab er smiðja með tækjabúnaði til alls kyns framleiðslu, sem gefur ungum sem öldruðum einstaklingum auk fyrirtækja tækifæri til að þjálfa sköpunargáfu og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að móta, hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni (sjá nánar á fablab.is). Sá tækjabúnaður sem Fab Lab Vesturlands verður með á árinu 2021 er tilgreindur í fylgiskjali með samningi þessum. Það er markmið starfseminnar að auka þann tækjakost og bjóða þannig upp á fjölbreyttari möguleika og starfsemi.

3. Markmið samningsins

Samningur þessi nær til kaupa, uppsetningar og reksturs Fab Lab smiðju á Akranesi sem ætlað er að:

- Stuðla að nýsköpun með því að veita einstaklingum og fyrirtækjum á Vesturlandi aðgang að stafrænum framleiðslutækjum.
- Stuðla að nýsköpun í kennslu og kennsluháttum nemenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og í fullorðinsfræðslu.
- Stuðla að auknu tæknilæsi nemenda, einstaklinga með iðn- og tæknimenntun sem og almennings.
- Stuðla að hverskonar framþróun í framleiðslu og smíði á varningi sem tengist heimilum, fyrirtækjum og öðrum þeim sem hag geta haft af stafrænni framleiðslu og þekkingu.
- Að skapa aðstöðu fyrir „Karla í skúrum“ og Félag eldri borgara þar sem eldra fólk getur sinnt áhugamálum og smærri verkefnum.

HVN JR SAN HFB GB PKEA HAF
MM SS D QB

Aðilar að samningnum hafa sett sér það markmið að efla samstarf sitt og skapa faglegt umhverfi fyrir frumkvöðlaverkefni og verkefni á sviði tæknipróunar. Fab Lab smiðju er ætlað að aðstoða frumkvöðla og sprotarfyrirtæki með aðgengi að búnaði og fræðslu, efla tæknipekkingu og bjóða upp á aðgengi að sérfræðibjónustu samstarfsaðilanna. Leitast verður við að mynda samstarfsnet Fab Lab smiðju, fyrirtækja og atvinnulífs á svæðinu. Sameiginlega munu þeir stuðla að framgangi starfseminnar m.a. með umsóknum um styrki, framlög og þróun.

4. Ábyrgð og rekstur

Akraneskaupstaður er ábyrgðaraðili verkefnisins og ræður verkefnisstjóra þess. Fjárhagur Fab Lab smiðju Vesturlands verður haldið aðgreindum í fjárhagsáætlun kaupstaðarins hvað varðar tekjur, gjöld, eignir og endurskoðun. Stuðningur fyrirtækja, stofnana og ríkisins skal renna til rekstrar og kaupa á tækjum.

5. Stjórn

Stjórn Fab Lab á Akranesi skipa fimm aðilar. Akraneskaupstaður skipar einn og er hann formaður stjórnar. Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Fjölbautaskólinn Vesturlands, ArtTré ehf. og Breiðþróunarfélag skipa einn fulltrú hver í stjórn og þá mun Muninn Film ehf. tilnefna einn fulltrúa í framkvæmdarstjórn Fab Lab smiðju og verður hann starfsmaður stjórnar og ráðgefandi í stefnumótun smiðjunnar.

Á ársfundi sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert skal dagskrá fundar vera eftirfarandi:

- Skýrsla um starfsemi liðins árs.
- Greinargerð um fjárhag starfseminnar.
- Áætlun um fjárhag og starfsemi.
- Tilnefning í stjórn.
- Önnur mál.

6. Hlutverk og framlag aðila

a. Akraneskaupstaður

- i. Ber ábyrgð á rekstri og fjárhag verkefnisins auk árlegs framlags að upphæð 3,0 mkr.
- ii. Ræður verkefnisstjóra Fab Lab smiðjunnar sem sér um undirbúning og hefur umsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri Fab Lab smiðjunnar.
- iii. Akraneskaupstaður leggur til upphafstæki í Fab Lab smiðju sem þegar eru til staðar.
- iv. Veitir nemendum í leik- og grunnskólum Akraneskaupstaðar, félagsstarfi aldraðra, Fjöliðunni og Hver endurhæfingaráhúsi aðgang að Fab Lab með sérstökum tínum sem skráist í stundaskrá Fab Lab.
- v. Þróar verkefnið „Karlar í skúrum“ í samvinnu við Fab Lab og Landssamband Karla í skúrum.
- vi. Leigir húsnæðið undir starfsemina af Brim hf.

b. ArtTré

- i. Leigir hluta aðstöðu að Bárugötu 8-10, ásamt Fab Lab samkvæmt sérstöku samkomulagi við Akraneskaupstað.
- ii. Setur gjaldskrá fyrir þjónustu og aðgengi að tækjum fyrirtækisins sem eru í Fab Lab rými.
- iii. Tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun Fab Lab smiðju Vesturlands.

c. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

- i. Styður Fab Lab smiðju Vesturlands á grundvelli sérstaks samnings milli ráðuneytisins, Akraneskaupstaðar og Breiðar þróunarfélags auk samstarfsyfirlýsingar ráðuneytisins, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjölbautaskóla Vesturlands, Akraneskaupstaðar og Breiðar þróunarfélags.

d. Breið þróunarfélag

- i. Leggur fram sérfræðiráðgjöf og aðstoð við útfærslu á Fab Lab, áætlanir við vinnslu verkefna og aðra þjónustu.
- ii. Aflar styrka og gjafa frá fyrirtækjum og öðrum stofnunum til kaupa á stærri tækjum í Fab Lab smiðju.
- iii. Aðstoðar, sem fulltrúi eiganda, við framkvæmd og önnur mál sem til koma vegna starfseminnar.

e. Brekkubæjarskóli á Akranesi

- i. Leggur til tengingar við námsbrautir, þemaáherslur og einstök verkefni innan skólans.
- ii. Leigir og fær úthlutað tímum í stundaskrá Fab Lab fyrir nemendur.

f. Brim hf.

- i. Brim hf. tekur þátt í þróun sérgreindra verkefna eftir nánara samkomulagi og hefur aðgang að búnaði Fab Lab samkvæmt samkomulagi. Leggur til húsnæði sem snýr að þörfum Fab Lab smiðju fyrir sanngjarna leigu undir starfsemina samkvæmt sérstöku samkomulagi við Akraneskaupstað.

g. ELKEM Ísland ehf.

- i. ELKEM Ísland leggur til árlegan styrk að fjárhæð 1,0 mkr., tekur þátt í þróun sérgreindra verkefna eftir nánara samkomulagi og hefur aðgang að búnaði Fab Lab samkvæmt samkomulagi.

h. Félag eldri borgara

- i. Leigir og fær úthlutað tímum í stundaskrá Fab Lab fyrir félaga sína.

i. Fjölbraudaskóli Vesturlands

- i. Leggur til tengingar við námsbrautir skólans.
- ii. Leggur til þekkingu kennara og fær úthlutað tímum í stundaskrá Fab Lab smiðju fyrir nemendur sína.

j. Fjöliðjan

- i. Leigir og fær úthlutað tímum í stundaskrá í samstarfi við Akraneskaupstað.

k. Grundaskóli á Akranesi

- i. Leggur til tengingar við námsbrautir, þemaáherslur og einstök verkefni innan skólans.
- ii. Leigir og fær úthlutað tímum í stundaskrá Fab Lab fyrir nemendur.

l. Icewind ehf.

- i. Icewind ehf. leggur fram sértækan búnað í Fab Lab smiðju og tekur þátt í þróun sérgreindra verkefna eftir nánara samkomulagi.

m. Landssamband Karla í skúrum

- i. Leigir og fær úthlutað tímum í stundaskrá í samstarfi við Akraneskaupstað.

n. Leikskólanir Akrasel, Garðasel, Teigasel og Vallasel á Akranesi

- i. Leggja til tengingar við þemaáherslur og einstök verkefni innan skólans.
- ii. Leigja og fá úthlutað tímum í stundaskrá Fab Lab fyrir nemendur skólanna.

THS
JU
P/
BS
HJM
JR
SJS
MF
SAS
QB
TGB
ZB
SPV

o. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- i. Styður Fab Lab smiðju Vesturlands með sérstöku framlagi til Fjölbautaskóla Vesturlands sem byggir á samstarfsyfirlýsingum milli aðila.

p. Muninn Film

- i. Annast verkefnisstjórn og umsjón verkefnisins samkvæmt sérstöku samkomulagi við Akraneskaupstað. Í því felst m.a.:
 - Að Fab Lab verði opið alla daga vikunnar fyrir almenning og smærri fyrtækni á Vesturlandi að lágmarki fjóra tíma í senn og að lágmarki 20 tíma á viku.
 - Að gera tillögu að innheimtu nauðsynlegra gjalda vegna afnota.
 - Að leggja til leiðbeinanda sem veitir gestum leiðsögn og aðstoð.
 - Að taka á móti aðilum sem ætla sér að nýta Fab-Lab smiðjuna.
 - Að skipuleggja og annast samstarf við leik- og grunnskóla, framhaldsskóla og aðra sem hyggjast nýta aðstöðu Fab Lab.
 - Að annast móttöku gesta í Fab Lab.
 - Að annast umsjón lagers, innkaup og endursölu á efni ásamt því að sinna almennu viðhaldi búnaðar og aðra umsjón með rekstri, aðstöðu og tækjum Fab Lab í samvinnu við Akraneskaupstað.
 - Að annast kynningu á Fab Lab, m.a. auglýsa opnunartíma og námskeið og halda úti virkri upplýsingamiðlun í gegnum samfélagsmiðla.
 - Að taka þátt í þróunarstarfi sem fellur að tilgangi og markmiði starfseminnar.
 - Að taka virkan þátt í starfi Fab Lab Íslands og miðla upplýsingum til aðila samnings þessa.

q. Norðurál ehf.

- i. Norðurál leggur til árlegan styrk að fjárhæð 1,0 mkr., tekur þátt í þróun sérgreindra verkefna eftir nánara samkomulagi og hefur aðgang að búnaði Fab Lab samkvæmt samkomulagi.

r. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

- i. Leggur fram sérfraðiráðgjöf við gerð viðskiptaáætlana, aðstoð við mat á hugmynd, handleiðslu við vinnslu verkefna, aðstoða við lausn fjármögnum og aðra þjónustu eftir því sem við á hverju sinni.
- ii. Leggur til árlegan styrk til verkefnisins að upphæð 2,0 mkr. til loka árs 2022 en endurskoðað frá 2023-2026.

s. Skaginn 3X

- i. Skaginn 3X leggur til árlegan styrk að fjárhæð 1,0 mkr., tekur þátt í þróun sérgreindra verkefna eftir nánara samkomulagi og hefur aðgang að búnaði Fab Lab samkvæmt samkomulagi.

t. Símenntunarmiðstöð Vesturlands

- i. Skipuleggur og heldur utan um námskeið fyrir þá aðila sem vilja nýta sér Fab Lab. Leigir og fær úthlutað tínum í stundaskrá Fab Lab fyrir nemendur í fullorðinsfræðslu.

u. Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest) og Endurhæfingarhúsið Hver

- i. Leigir og fær úthlutað sérstökum tíma í stundaskrá Fab Lab fyrir aðila í starfsendurhæfingu.

7. Samráðsfundir

Á ársfundri og að hausti skal boða til fundar um rekstur smiðjunnar og faglegt starf. Stjórn verkefnisins boðar til fundanna, skipuleggur þá og sér um framkvæmd og eftirfylgni ákvarðana.

THS
IAA JR GP MTH SAÍA
HMB

8. Gildistími og fleira

Samningur þessi gildir frá 14. maí 2021. Samningurinn gildir til loka árs 2025. Samningsaðilar skulu að þremur árum liðnum fara yfir einstök ákvæði samningsins.

Aðilar samnings þessa geta með viðauka bætt við samningsaðilum sem styðja vilja við markmið og tilgang Fab Lab.

Telji Akraneskaupstaður á einhverjum tíma ekki forsendur til að halda starfseminni áfram getur kaupstaðurinn ákveðið að segja samningi þessum upp með 6 mánaða fyrivara og ráðstafa þeim eignum sem honum tilheyra.

Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningurinn er gerður í 24 samhljóða eintökum sem eftirtaldir aðilar staðfesta með undirritun sinni; Akraneskaupstaður, ArtTré, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Breið þróunarfélag, Brekkubæjarskóli, Brim, ELKEM Ísland, Félag eldri borgara á Akranesi, Fjölbautaskóli Vesturlands, Fjöliðjan, Grundaskóli Icewind, Landssamtök Karla í skúrum, Leikskólinn Akrasel, Leikskólinn Garðasel, Leikskólinn Teigasel, Leikskólinn Vallarsel, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Muninn Film, Norðurál, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Skaginn 3X, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfing Vesturlands.

Akranesi, 14. maí 2021

IA THS
HUB SP SJ
JR GB DK
MF SAS TBL
SA SJAS TBL
TBL SAS
TBL SAS

F.h. Akraneskaupstaðar

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Hordís Kolbrún Ragnheiður Gylfadóttir

Hordís Kolbrún R. Gylfadóttir

F.h. Brekkubærjarskóla

Vilborg P. Guðhjartsdóttir

Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjóri

F.h. Elkem

Alfheiður Ágútsdóttir

Alfheiður Ágútsdóttir, forstjóri

F.h. Fjölbautaskóla Vesturlands

Steinunn Inga Óttarsdóttir

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari

F.h. Grundaskóla

Sigurður Arnar Sigurðsson

Sigurður Arnar Sigurðsson, skólastjóri

F.h. Landssamtaka Karla í skúrum

Hörður Sturluson

Hörður Sturluson

F.h. Leikskólans Garðasels

Ingunn Ríkharðsdóttir

Ingunn Ríkharðsdóttir, leikskólastjóri

F.h. Leikskólans Vallarsels

Brynhildur Björg Jónsdóttir

Brynhildur Björg Jónsdóttir, leikskólastjóri

F.h. ArtTré

Sigurðst Árnadóttir

Sigurðst Árnadóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Breiðar þróunararfélags

Valdís Fjölnisdóttir

Valdís Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Brims

Inga Jóna Friðgeirsdóttir

Inga Jóna Friðgeirsdóttir, fjármálastjóri

F.h. Félags eldri borgara á Akranesi (FEBAN)

Kleðar Einarsson

Kleðar Einarsson, formaður

F.h. Fjöliðjunnar

Guðmundur Þór Jónsson

Guðmundur Þór Jónsson, forstöðumaður

F.h. Icewind

Sæþór Ásgeirsson

Sæþór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri

F.h. Leikskólans Akrasels

Gudninn Bragadóttir

Anney Ágútsdóttir, leikskólastjóri

F.h. Leikskólans Teigasels

Margrét Þóra Jónsdóttir

Margrét Þóra Jónsdóttir, leikskólastjóri

Mennta- og menningarmálaráðherra

Lilja Dögg Alfreðsdóttir

Lilja Dögg Alfreðsdóttir

F.h. Muninn Film

Heiðar Mar Björnsson
Heiðar Mar Björnsson, framkvæmdastjóri

F.h. Skagans 3X

Ingólfur Árnason
Ingólfur Árnason, framkvæmdastjóri

F.h. Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands

Inga Dóra Halldórsdóttir
Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Norðuráls

Sigrún Helgadóttir
Sigrún Helgadóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi

Páll Snævar Brynjars
Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri

F.h. Starfsendurhæfingar Vesturlands og Hver

Thelma H. Sigurbjörnsdóttir
Thelma H. Sigurbjörnsdóttir forstöðumaður